

innar 5. júlí 1861¹, að sérhverri þeirri upphæð, sem borguð er í jarðabókarsjóðinn eða í aðalféhirzluna, skuli fylgja bréf, og skuli í því telja upp og skýra frá, hverjar tekjugreindir í hlutaðeiganda reikningi sé ætlað til að verði borgaðar með þeirri upphæð, sem send er, kemur það opt fyrir, að sýslumenn senda hingað ávísanir til þess að borga sýslutekjur, án þess að gæta þessarar ákvörðunar; stjórnarráðið mælist því til, að þær, herra landshöfðingi, alvarlega brýnið fyrir sýslumönnum, að hlýða þessu boði, og gefa þeim til kynna, að sektir liggi við ef brotið sé gegn því.

Til samlags við þetta mælumst vör til, að öllum gjaldheimtumönnum verði lagt fyrir, að fylgja nákvæmlega reglunum í bréfum stjórnarráðsins 13. apríl 1864 og 5. maí 1866², sbr. fyrnefnda reglugjörð, 4. gr. 2. málsgrein, um það, hvernig þær ávísanir skuli lagaðar, sem sendar eru hingað til lukningar opinberra gjalda, og skal þeim tilkynnt, að stjórnarráðið eptirleiðis taki ekki á móti ávisunum, sem eigi sé komið fyrir samkvæmt fyrnefndum ákvörðunum.

1873.

8. nóvbr.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hald á skipi.

19. desbr.

Með bréfi, dagsettu 16. októbr. þ. á. hafið þær, herra landshöfðingi, sent hingað álit frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og sýslumanninum í Húnavatnssýslu um kæruskjal nokkurt, þar sem skipstjórnarmaður *S. J. Nielsen* frá Kaupmannahöfn hefir skýrt svo frá, að haustið 1872 hafi þræta orðið milli sín og formanns Helga Helgasonar, og hafi hann hrundið honum, svo hann féll; ber hann sig nú upp undan því, að Arni hreppstjóri Jónsson á Þverá hafi útaf þessu bannað sér,

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 492.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 31 og 337.

1873.
19. desbr. að sigla burt — en hann hafði skip sitt ferðbúið á höfninni við Hólanes —, nema hann borgaði sekt fyrir ofbeldi það, er hann hefði haft í frammi við Helga Helgason. En sýslumaður hefir nú látið þá skoðun í ljósi, að þarsem tæður skipstjórnarmaður *S. J. Nielsen* við fyrnefnt tækifæri hafði gjört sig sekan í lögreglubroti, er hann var dæmdur í 2 rd. sekt fyrir við lögreglurétt Húnavatnssýslu 4. nóvbr. f. á., fari það fjarri því, að hreppstjóranum hafi yfirsézt í nokkru, þá er hann bannaði skipstjóra að sigla burt, nema hann annað tveggja þegar í stað lèti koma bætur fyrir, eða fengi svaramann til tryggingar því, að sekt sú, er hann yrði dæmdur í, yrði goldin, heldur hafi hann sýnt af sér varúð þá og rögg, sem í þessu tilliti samkvæmt lögum er fyrirskipuð í kansellibrèfi 22. marz. 1845¹. Samkvæmt þessu hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, og þær, herra landshöfðingi, álitíð, að kærán væri ástæðulaus.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að með því byggja verður á því, að málið milli skipstjóra *Nielsens* og Helga Helgasonar sè svo sem einka mál, þarsem *Nielsen* var dæmdur í sekt samkvæmt 202. gr. í hegningarlögunum, þá verður eigi álitíð, að lög leyfi, og þá sèrílagi ekki kansellibrèf 22. marz 1845, að leggja bann á að skipið sigldi burt, en tæður hreppstjóri hefði, hvernig sem ástatt hefði verið, ekki haft heimild til þess, ef hann ekki hefir haft umboð, samkvæmt opnu brèfi 28. desbr. 1836, til þess að rita á skipaskjölin, en frá því er eigi skýrt í þessu máli.

29. desbr. 95. Auglýsing fyrir Ísland um mótið á tíu- og tuttugukrónapeningum þeim, sem slegnir verða úr gulli samkvæmt peningalögunum 23. maí þ. á., og um að peningar þessir verði hafðir sem gjaldgengir peningar. (á Íslenzku og Dönsku).

Með allrahæstum úrskurði 21. júlí þ. á. hefir hans hátígn

¹) Lovsamling for Island XIII, 215.